



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2023

JARÐ2AJ05

Kennari	Harpa Kristín Einarsdóttir: harpa.einarsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Mánudagar kl. 13:00-13:40, staðsetning eftir samkomulagi.	
Námsefni	Kennslubók: Jarðfræði fyrir framhaldsskóla (vefbók) https://jardfraedi.vefbok.idnu.is/ Annað efni frá kennara á INNU.	
Áfangalýsing	Áfanganum er ætlað að kynna jarðfræðina sem vísindagrein, skýra tengsl hennar við aðrar fræðigreinar og notagildi hennar við íslenskar aðstæður. Ekki síður auka þekkingu og skilning nemenda á umhverfi sínu, eðli þess og myndun svo og helstu ferlum og lögmálum sem stjórna því og móta. Áhersla er lögð á að útskýra jarðfræðilega sérstöðu Íslands og reynt er að gera jarðfræði Reykjanesskagans nokkur skil. Að þessu fengnu ættu nemendur að þekkja, skilja og njóta betur íslenskrar náttúru og sérstöðu hennar, jafnt í leik sem og í starfi. Í áfanganum er lögð áhersla á verkefnavinnu í kennslustundum þar sem nemendur vinna verkefni sín undir leiðsögn kennara. Virk þátttaka nemenda í eigin námi liggur til grundvallar.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Áfanginn er símatsáfangi með áherslu á verkefnavinnu nemenda. Mikilvægt er að nemendur stundi námið jafnt og þétt. Til þess að standast áfangann þarf að ná lágmarkseinkunn 4,5 í öllum námsþáttunum fjórum. Þannig þarf meðaleinkunn skilaverkefna og kaflaprófa að ná 4,5 og einkunn fyrir vinnubók og lokaverkefni að ná að lágmarki 4,5. Upptökupróf eru í lok annar og má taka eitt próf upp. Vinnubók skal skilað tvisvar á önninni, fyrir vetrarleyfi og í lok annar. Fyrir hvert könnunarpróf verður lokað fyrir skil á verkefnum úr þeim hluta sem prófið er úr og ekki verður hægt að skila þeim síðar á önninni. Ekkert lokapróf er í áfanganum.		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Námsþættir		Vægi
	Skilaverkefni		30%
	Vinnubók		20%
	Könnunarpróf 1 og 2		30%
	Lokaverkefni		20%

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.
----------------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Munið að spyrja ef eitthvað er óljóst. Sendið mér tölvupóst og látið mig vita ef eitthvað bjátar á. Betra er að gera það strax frekar en að bíða með það.
--	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • jarðfræðilegum fyrirbærum • hugtökum og kenningum, s.s. útrænum og innrænum öflum, lagskiptingu jarðar, landrekskenningunni, myndunarsögu steinda og bergtegunda • sérstöðu Íslands í jarðfræðilegu samhengi.	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • nota og skilja hugtök fræðigreinarinnar • leysa verkefni sem viðkoma fræðigreininni s.s. finna upptök jarðskjálfta, stærð þeirra og áhrif • teikna þversnið.
	
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • verða læs á landið sitt, náttúru og umhverfi • skilja og mynda sér skoðanir um það sem þeir lesa, heyra og sjá t.d. í fjölmiðlum á þessu sviði.	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 4 tímar x 20 mín.	21 klst.
Undirbúningur f. próf	2 x 3 klst.	6 klst.
Skilaverkefni	6 klst.	6 klst.
Lokaverkefni	10 klst.	10 klst.
Alls		107 klst. = 5 feín*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 18. - 25. ágúst	Kynning á áfanga Kafli 1: Jarðfræði og jarðfræðirannsóknir Hringrás bergs	Skilaverkefni 1: Reykjanes
2. vika 28. ágúst - 1. september	Kafli 2: Flekarek og heitir reitir	Skilaverkefni 2: Wegener
3. vika 4. - 8. september	Kafli 2: Flekarek og heitir reitir	Skilaverkefni 3: Ferðalag kenninganna
4. vika 11. - 15. september	Kafli 3: Jarðskjálftar	Könnunarpróf 1: Kaflar 1-2
5. vika 18. - 22. september	Kafli 3: Jarðskjálftar	Skilaverkefni 4: Jarðskjálftar
6. vika 25. - 29. september	Kafli 3: Jarðskjálftar	
7. vika 2. - 6. október	Kafli 4: Steindir	
8. vika 9. - 13. október	Kafli 5: Kvika og storkuberg	Skilaverkefni 5: Steinar í kassa
9. vika 16. - 20. október <i>Vetrarleyfi</i>	Kafli 5: Kvika og storkuberg	Fyrri skil á vinnubók Könnunarpróf 2: Kaflar 3-5
10. vika 23. - 27. október <i>Miðannarmat</i>	Kafli 6: Eldsumbrot	
11. vika 30. október - 3. nóvember	Kafli 6: Eldsumbrot	Skilaverkefni 6: Eldfjöll
12. vika 6. - 10. nóvember	Kafli 6: Eldsumbrot	
13. vika 13. - 17. nóvember	Kafli 8: Jöklar	
14. vika 20. - 24. nóvember	Kafli 8: Jöklar	Könnunarpróf 3 (kaflar 6 og 8)
15. vika 27. nóvember- 1. desember	Lokaverkefni	
16. vika 4. - 7. desember	Lokaverkefni Sjúkra og upptökupróf	Seinni skil á vinnubók

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Harpa Kristín Einarsdóttir